

## Aðalstjórn Völsungs

Dagsetning: 4.4.2024

Vallarhúsi

kl. 16:45

Mætt: Gunnólfur Sveinsson, Lilja Friðriksdóttir, Jóna Björg Pálmadóttir, Erla Bjarnadóttir, Ingvar Björn Guðlaugsson (fjarfundi) og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

### 1. Ferðasjóður ÍSÍ – úthlutun Völsungs

ÍSÍ hefur úthlutað úr ferðasjóði ÍSÍ fyrir árið 2023. Völsungur sótti um samtals 10.427.476 kr og hlaut úthlutað 3.659.500 kr eða 35,1% af heildar umsókninni. Til samanburðar má nefna að árið 2022 hlaut Völsungur 32,7% af heildar umsókn.

Skipting milli deilda er eftirfarandi:

Knattspyrna meistaraflokkur karla: 764.510 kr

Knattspyrna meistaraflokkur kvenna: 700.640 kr

Knattspyrna yngri flokkar: 3.685.264 kr

Blak meistaraflokkur karla: 220.071 kr

Blak meistaraflokkur kvenna: 417.322 kr

Blak yngri flokkar: 376.036 kr

*Framkvæmdastjóra falið að greiða til deilda samkvæmt úthlutun ÍSÍ.*

### 2. Svar frá Norðurþingi vegna erindis frá pílufélagi Völsungs

Fjölskylduráð samþykkir afnot píludeildar Völsungs af norðurenda sundlaugarkjallarans undir pílustarfsemi og felur íþrótt- og tómsfundafulltrúa að ganga frá samningi um afnotin. Fjölskylduráð vísar erindinu hvað varðar endurbætur á húsnæðinu til skipulags- og framkvæmdaráðs þar sem um endurbætur á eign Norðurþings er að ræða.

*Lagt fram til kynningar.*

### 3. Tillaga frá Heiðari Hrafni vegna íþróttafólk Völsungs

Fyrir aðalstjórn liggur tillaga frá Heiðari Hrafni þar sem hann leggur til að Völsungur kanni áhuga á að endurvekja Íþróttafólk Húsavíkur.

*Framkvæmdastjóra falið að koma erindinu áfram til Norðurþings.*

### 4. Samþykktir frá Ársþingi HSP

Fyrir aðalstjórn liggja samþykktir frá ársþingi HSP sem haldið var í Breiðumýri 10. mars síðastliðinn.

*Lagt fram til kynningar.*

### 5. Fundargerð sögunefndar frá 2. apríl

Fyrir aðalstjórn liggur fundargerð sögunefndar frá 2. apríl. Fundargerðin er í fjórum liðum.

**6. 97 ára afmæli Völsungs föstudaginn 12. Apríl**

*Aðalstjórn mun halda uppá afmælið í vallahúsinu á milli 16-18:00 föstudaginn 12. apríl næstkomandi.*

*Afmælið verður auglýst á fésbókarsíðu Völsungs og í skránni.*

*Aðalstjórn mun veita heiðursviðurkenningar við sama tilefni og munu framkvæmdastjóri og Lilja sjá um að skrifa umsagnir um þá aðila sem stjórnin hefur ákveðið að heiðra.*

**7. Fundargerð barna- og unglíngaráðs í knattspyrnu**

Fyrir aðalstjórn liggur fundargerð barna- og unglíngaráðs frá 11. Mars. Fundargerðin er í fimm liðum.

*Fundargerðin lögð fram.*

**Fundi slitið: 18:15**